



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Rökhæfingar eða rökæfingar?

Um greinarmuninn á rökhæfingum og raunhæfingum í greininni Two Dogmas of Empiricism eftir W.V.O. Quine

Ritgerð til B.A.-prófs

Ásgeir Berg Matthíasson

Janúar 2010

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði- og heimspekideild

Rökhæfingar eða rökæfingar?

Um greinarmuninn á rökhæfingum og raunhæfingum í greininni Two Dogmas of Empiricism eftir W.V.O. Quine

Ritgerð til B.A.-prófs

Ásgeir Berg Matthíasson

Kt.: 291185-2159

Leiðbeinandi: Mikael M. Karlsson

Janúar 2010

Ágrip

Þessi ritgerð fjallar um greinarmuninn á rökhæfingum og raunhæfingum og gagnrýni bandaríska heimspekingsins Willards Van Orman Quine á þann greinarmun, með sérstakri áherzlu á greinina „Two Dogmas of Empiricism” og þá ásökun um hringrök (e. *circularity charge*) sem Quine telur sig sjá í skilgreiningum á rökhæfingum.

Jafnframt verður fjallað um andsvör Hans-Johans Glock og þeirra P.F. Strawsons og H. Grice við gagnrýni Quines. Verður því haldið fram að hægt sé að samræma gagnrýni Glocks afstöðu Quines en að erfiðara sé fyrir Quine að standast áhlaup Strawsons og Grice. Á hinn bóginn sé það ekki vegna þess að afstaða Quines hafi innbyggða veikleika, heldur vegna þess að hún sé einungis sannfærandi fyrir þá sem samþykkja aðra þætti í heimspeki Quines, og þá einkum og sér í lagi efasemdir hans um hvort inntækar skýringar séu nothæfar í heimspeki.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Rökhæfingar	4
Greinargerð fyrir rökum Quines	17
Gagnrýni Glocks.	27
Gagnrýni Strawson og Grice	34
Samantekt og niðurstöður	40

Inngangur

1. Allir samanburðarmálfræðingar eru málfræðingar.
2. Allir piparsveinar eru ógiftir.
3. Ef Skarphéðinn dó í brennunni, þá er hann dáinn.
4. Bítlarnir eru Bítlarnir.

1' Sumir samanburðarmálfræðingar eru til vandræða í Háskólanum.

2' Sumir piparsveinar eru sóðar.

3' Ef Skarphéðinn dó í brennunni, þá mun Kári hefna hans.

4' Bítlarnir voru frá Liverpool.

Allir sem á annað borð kunna íslenzku myndu að öllum líkindum telja að einhvers konar grundvallarmunur væri á þessum tveimur orðalistum. Sá sem læsi þá báða myndi ef til vill segja að setningarnar í fyrri listanum væru sannar „merkingar sinnar vegna“ eða að enginn leið væri að sjá hvernig þær væru ósannar. Um setningarnar í seinni listanum myndi hann kannski velta fyrir sér hvort þær væru sannar eða ekki. Heimspekingar hafa nefnt setningar af fyrri taginu rökhæfingar eða greinandi setningar (e. *analytic sentences*) en þær af því seinna, raunhæfingar eða skeytandi setningar (e. *synthetic sentences*), og hafa sumir látið mikið með þennan greinarmun, sérstaklega á 20. öld.

Í þessari ritgerð mun ég beina sjónum mínum að gagnrýni heimspekingsins Willards Van Orman Quine á þennan greinarmun, einkum og sér í lagi eins og hún birtist í ritgerðinni *Two Dogmas of Empiricism*. Einnig mun ég helga stóran hluta ritgerðarinnar gagnrýni Hans-Johans Glock annars vegar og þeirra H. Grice og P. F. Strawson hins vegar. Ég mun halda því fram í að tilfelli Glocks sé í raun sáralítill munur á afstöðu þeirra Quines og að auðvelt sé fyrir Quine að svara

gagnrýni hans. Á hinn bóginn mun ég halda því fram að gagnrýni Strawsons og Grice eigi við ýmis rök að styðjast en það sé einungis að því gefnu að heildarhyggju Quines sé fyrirfram hafnað. Með öðrum orðum, tel ég að heildarhyggja Quines sé forsenda þess að samþykkja rök hans gegn greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum. Áður en kemur að því mun ég þó veita nokkuð ítarlegt yfirlit yfir hvað *rökhæfing* er og sögu hugtaksins.

Rökhæfingar

Áður en fjallað er um rökhæfingar og greinarmuninn á þeim og raunhæfingum fer bezt á því að segja örlítið um annan greinarmun, en það er greinarmunurinn á því sem kallað er *a priori*-þekking og *a posteriori*. Setningar sem sagðar eru *a priori* (en það merkir „fyrirfram“ á latínu) eru þess eðlis að sanngildi þeirra er hægt að sannreyna án tillits til skynreynslu. Uppáhaldsdæmi heimspekinga nú á dögum um slíkar *a priori*-setningar eru tekin úr stærðfræði og rökfræði, samanber dæmi Kants „ $7 + 5 = 12$ “.¹ Með þessu er átt við að hægt sé að vita það með skynseminni að slíkar setningar séu sannar (eða ósannar, ef það er tilfellið). Setninguna „Forsetinn býr á Bessastöðum“ er ekki hægt að sannreyna með skynseminni einni saman. Það er ekkert við setninguna sem gefur til kynna að hún sé sönn, sama hvað maður hugsaði lengi um hana. Öðru máli gegnir um setninguna „Ef forsetinn býr á Bessastöðum, þá býr hann einhvers staðar.“ Ekki þarf að velta henni lengi fyrir sér til að sjá að hún hlýtur að vera sönn, sama hvað á dynur. Svo virðist vera að maður sjái að hún sé sönn einungis með að hugsa um innihald hennar.

Setningar sem sagðar eru *a posteriori* (enn latína og merkir: „eftir á“) eru á hinn bóginn þannig að sannreyna þarf þær með einhvers konar athugun eða reynslu. Dæmi um slíka setningu gæti verið (1) „Hallgrímskirkja er 75 metra há“. Ómögulegt væri að öðlast þekkingu á því án athugunar af einhverju tagi, og þó að flestir læri það með að lesa það í bókum, þá er það samt einhvers konar athugun, nefnilega athugun annarra. Engu máli skipti hversu lengi maður velti fyrir sér innihaldi (1), maður gæti aldrei vitað hvort að hún sé sönn eða ekki. Réttlætning fyrir sanngildi hennar hlýtur að koma úr reynslu.

¹Kant 2003, bls. 52.

Sumar setningar eru sagðar vera þess eðlis að þær hljóta sanngildi sitt að hluta frá merkingu sinni og að hluta frá tilfallandi staðreyndum í heiminum. Slíkar setningar eru, eins og nefnt var í inngangi, gjarnan kallaðar raunhæfingar. Þær mætti líka kalla „skeytandi setningar“ eða „sameinandi“. Dæmi um slíka setningu er: „Húsin í Þingholtunum eru lágreist.“ Þessi setning er sönn vegna þess hvað orðin merkja, til dæmis orðið „lágreist“ en líka vegna þess að húsin í Þingholtunum eru í raun og sann lágreist. Margir heimspekingar hafa viljað gera greinarmun á þess konar setningum annars vegar og rökhæfingum hins vegar, en svo kallast setningar sem sagðar eru sannar eða ósannar einungis í krafti merkingar sinnar, engu máli á að skipta hvernig heimurinn er, þær halda alltaf sanngildi sínu. Þær mætti líka kalla „greinandi“. Til dæmis er setningin (2) „ $2 + 2 = 4$ “ alltaf sönn, sama hvernig málum er háttað í efnisheiminum. Nóg er að skilja hvað felst í hugtakinu *tveir* (og hugtakinu *samlagning*) til að sjá að þegar tveir eru lagðir við tvo er útkoman fjórir. Engin þörf er á að líta á tvö mismunandi pör til að fullvissa sig um að fjöldi staka í þeim sé í raun fjórir. Annað, og hugsanlega betra dæmi um rökhæfingu er setningin:

(3) „Allar læður eru kettir“.

Sá sem veit hvað læða er sér það strax í hendi sér að þær eru allar kettir. Um mann sem héldi fram neitun (3), þ.e. í þessu tilfelli setningunni (4) „Sumar læður eru ekki kettir“, myndum við líklega segja að hann hafi annað hvort ekki skilið (3) eða noti orðin í setningunni á nýstárlegan eða óvenjulegan hátt. Þetta gefur sterklega til kynna að rökhæfingar séu í einhverjum skilningi alltaf *a priori*.

Eins og skilja má af því sem stendur hér að ofan virðast sannar rökhæfingar, a.m.k. stundum, fela í sér nauðsynlegan sannleika (hvað svo sem það eiginlega

er). Þær eru setningar sem eru nauðsynlega sannar, þ.e. geta ekki verið ósannar. Stundum er þetta orðað svo að neitun þeirra sé rökfræðilega ómöguleg. Setning (2) er dæmi um slíka setningu. Tilfallandi sannar eru þær setningar svo nefndar sem eru sannar en ekki eru nauðsynlega sannar, þ.e. mögulega ósannar. Setningin (5) „Höfundur þessarar ritgerðar er til heimilis að Hringbraut 51“ er dæmi um setningu af því tagi. Þessi setning gæti allt eins verið ósönn, til dæmis gæti ég átt heima í Hafnarfirði.

Stundum tala heimspekingar um mögulega heima í þessu sambandi² og er þá átt við að setningar sem eru nauðsynlega sannar séu „sannar í öllum mögulegum heimum“. Tilfallandi sannar setningar eru þá bara sannar í a.m.k. einum mögulegum heimi. Um þessar kenningar hef ég miklar efasemdir en leyfi mér þó að segja að í hugmyndinni um nauðsyn sé falin einhvers konar rökleg nauðsyn, þ.e. að rökform setninga, hvort sem það er á yfirborðinu eða falið (ef hægt er að ímynda sér slíkt), hafi eitthvað með nauðsyn þeirra að gera.

Orðin „rökhæfing“ og „röklega sannur“ hafa verið notuð á margvíslegan og ruglandi hátt í gegnum tíðina, til dæmis er orðið „rökhæfing“ stundum notað yfir hvort tveggja, setningar sem eru sannar vegna merkingar sinnar og setningar sem eru sannar forms síns vegna, og við önnur tækifæri einungis hið fyrra. Quine stingur upp á því að „rökhæfing“ og „greinandi setning“ verði einungis notað yfir setningar sem sannar eru merkingar sinnar vegna og verður þeirri reglu fylgt hér.³ Í samræmi við þetta getum við sagt að rökhæfingin (3) sé sönn merkingar sinnar vegna en hin röklega sanna setning (6) „Allir kettir eru kettir“ sé sönn vegna rökforms síns, $(\forall x)(Fx \rightarrow Fx)$, sem hlýtur að vera satt, sama hvernig $F(\dots)$

²Sjá t.d. Kripke 1980.

³Quine 1966a, bls. 123.

og x eru túlkuð. Setningin er klifun. Það gildir ekki um (3), sem hefur rökformið $(\forall x)(Fx \rightarrow Lx)$.

Sumir heimspekingar hafa einmitt viljað segja að setningar eins og (3) séu sannar samkvæmt merkingu orðanna einmitt vegna þess að þeim megi breyta í klifanir (þ.e. röksannindi) með því að skipta orðum í þeim út fyrir samheiti.⁴ Það séu rökhæfingar. Til dæmis mætti þannig breyta (3) í klifunina „Allir kettir af kvenkyni eru kettir“, en það er ekkert annað en klifun á forminu $(\forall x)((Cx \& Kx) \rightarrow Cx)$. Sá sem héldi fram (4) væri þá í raun að segja að sumir kettir af kvenkyni séu ekki kettir, sem er einmitt mótsögn á forminu $(\exists x)(Cx \& \sim Cx)$. (3) hlýtur þá að vera röklega sönn. Rökhæfingar væru þá nauðsynlega sannar. En eins og Paul Boghossian bendir á,⁵ og raunar Quine líka⁶, þá veltur þessi útskýring á rökhæfingum, þ.e. að rökhæfingar séu setningar sem breyta megi í röksannindi með að skipta út samheitum, á því að staðreyndir um samheiti sé hægt að þekkja *a priori* og að lögmál rökfræðinnar séu það einnig.⁷ En látum það liggja á milli hluta í bili.

Eins og gefur að skilja af öllu ofansögðu eru sterk tengsl milli hugtakana *rökhæfing*, *nauðsyn* og *a priori*. Í stuttu máli mætti gera grein fyrir muninum á þessu þrennu á eftirfarandi hátt:⁸

1. Rökhæfingar eru sannar merkingar sinnar vegna. Það er merkingarfræðilegt hugtak.

⁴Frege 1989, 3. hluti.

⁵Boghossian 1996, bls. 366.

⁶Quine 2003c, bls. 27–32.

⁷Boghossian 1996, bls. 367.

⁸Wolfram 1990, bls. 80.

2. Nauðsynlega sannar setningar eru röklega sannar, eða sannar í öllum mögulegum heimum, eins og stundum er sagt. Það er rökfræðilegt hugtak.
3. Setningar sem eru sannar a priori, eru sannar á undan allri reynslu, þ.e. án rannsóknar á heiminum. Það er þekkingarfræðilegt hugtak.

Taka mætti setninguna (7) „Allar bröndóttar læður eru læður“ sem dæmi til að útskýra þetta örlítið betur. Hún er rökhæfing vegna merkingar orðanna, að vera bröndótt læða merkir meðal annars að vera læða. Hún er nauðsynlega sönn, því að það er satt í öllum mögulegum heimum að bröndóttar læður séu læður og að lokum er hún sönn *a priori*, því er allsendis óþarfi að framkvæma einhvers konar rannsókn á bröndóttum læðum til að gera þá ótrúlegu dýrafræðilegu uppgötvun að þær séu allar læður.

Flestar handbækur um heimspeki sem höfundur þekkir til rekja upphaf þessa greinarmunar á rökhæfingum og raunhæfingum til Kants, og raunar skrifa margir heimspekingar líka líkt og það sé tilfellið, en í raun má rekja greinarmuninn lengra, jafnvel alla leið til Vilhjálms af Ockham á miðöldum⁹. Það væri þó til að æra óstöðugan að ætla sér að fara yfir þessa sögu alla og ætla ég bara að láta mér nægja að stikla á stóru í þeim þáttum hennar sem koma að gagni við að varpa ljósi á það viðfangsefni sem hér er til skoðunar.

Brezki raunspekingurinn John Locke fjallar töluvert um það sem hann kallar „lítillsverðar staðhæfingar“¹⁰ (e. *trifling proposition*) í riti sínu *Essays Concerning Human Understanding* frá árinu 1689. Staðhæfingar kallar hann lítillsverðar ef þær veita okkur enga nýja þekkingu.¹¹ Þær skiptast í tvo flokka samkvæmt

⁹Sbr. Marenbon 2007

¹⁰Þær mætti ef til vill líka kalla „ómerkilegar“ á íslensku.

¹¹Locke 1990, bls. 373.

Locke, samsemdarsetningar á forminu A er A , sem myndi flokkast undir röksannindi í þeirri skiptingu sem hér hefur verið sett fram, og í setningar þar sem „hluti af samsettri hugmynd er notaður sem umsögn um heildina“.¹² Það mætti orða þetta á annan hátt sem svo að frumlagið sé hluti af umsögninni. Eitt af dæmum Lockes um þetta er setningin „Blý er málmur“. Hann segir að sá sem þekki samsettu hugmyndina „blý“ viti að hún sé málmur og gæti þess vegna ekkert nýtt lært af þessari staðhæfingu. Þó að ýmislegt væri athugavert við þessa framsetningu á greinandi setningum (enda notar Locke ekki það orð) minnir þetta óneitanlega á þær að því leyti að lítilsverðar staðhæfingar eiga vera sannar vegna merkingar sinnar en ekki staðreynda.

Annar forveri Kants um þennan greinarmun er Leibniz. Í *Mónödufræðunum* frá 1698 segir hann: „Sannindi eru einnig tvenns konar, röksannindi og raunsannindi. Röksannindi eru nauðsynleg og andstæða þeirra ómöguleg...“¹³ Hér eru komnir að minnsta kosti tveir þeirra eiginleika sem rökhæfingar eiga að hafa, nefnilega nauðsyn og ómöguleika neitunar þeirra, auk tvískiptingar í tvenns konar sannindi.

Hið athyglisverða við kenningu Leibniz er að hann taldi að með nægilegri greiningu mætti sýna fram á að allar setningar væru í raun skilgreinandi, þ.e. rökhæfingar.¹⁴ Í bréfi til Arnaulds skrifar hann: „Í hverri játandi sannri staðhæfingu, nauðsynlegri eða hendingu háðri, almennri eða einstakri, er hugmyndin um umsögnina falin í þeirri um frumlagið, *praedicatum inest subjecto*.“¹⁵ Ef svo er ekki veit ég ekki hvað sannleikur er.“¹⁶ Hugtök fela allar mögulegar sannar

¹²Locke 1990, bls. 373.

¹³Leibniz 2004, bls. 15.

¹⁴Varðandi skilgreinandi setningar, sjá kaflann um Glock.

¹⁵Latínan merkir: „Umsögnin felst í frumlaginu.“

¹⁶Leibniz 1973, bls. 62. Tilvitnað í Beaney 2009.

umsagnir um sjálf sig í sér, þ.e. ef nógu mikið er vitað um það sem frumlagið vísar til, er ekkert nýtt hægt að segja um það. Hugtakið *Júlíus Sesar* á til dæmis við um „manninn sem var myrtur 15. marz, 44 f.Kr.“, „fyrsta manninn sem varð alræðismaður í Róm ævilangt“, „manninn sem leiddi her sinn yfir Rúbíkon 49 f.Kr.“ og „manninn sem lagði Bretland undir rómverska heimsveldið“ og allt annað sem satt verður sagt um Sesar. Þannig „felst umsögnin“ alltaf í frumlaginu, skv. Leibniz.

David Hume fylgir svo Leibniz að málum með sinni frægu tvískiptingu en Í *Rannsókn á skilningsgáfunni* frá 1748 segir hann að skipta megi öllum viðfangsefnum sem skynsemi mannsins geti fjallað um í tvennt: „venzlir hugmynda“ annars vegar og „staðreyndir“ hins vegar,¹⁷ og lætur Hume að því liggja að ekki sé hægt að neita sönnum setningum sem fjalla um venzlir hugmynda án þess að lenda í mótsögn. En um staðreyndir gegni öðru máli, þeim megi neita án þess að lenda í neins konar röklegum ógöngum og sé neitun sérhverrar staðreyndar fullkomlega skiljanleg setning,¹⁸ en um mótsagnir segir hann að „ómögulegt [sé] að gera sér greinilega hugmynd um...“¹⁹

Af þessu vill hann draga þá ályktun að lögmál orsakar og afleiðingar sé sprottið upp úr reynslu en ekki gefið af skynseminni, því það fjallar um tengsl staðreynda og þeim má alltaf neita án vandræða. Þessi tvískipting er að mati Hume „tæmandi“, eins og Þorsteinn Gylfason kemst að orði²⁰ og falla öll vísindi í annan flokkinn, annað hvort fjalla þau um venzlir hugmynda eða staðreyndir. Hume lýkur *Rannsókninni* á þessum orðum:²¹

¹⁷Hume 1999, bls. 87.

¹⁸Sama rit, bls. 88.

¹⁹Sama rit, bls. 88.

²⁰Þorsteinn Gylfason 2005, bls. 23.

²¹Hume 1999, bls. 268.

Séum vér sannfærð um réttmæti þessara kenninga, hvern usla hljóttum vér ekki að gera hvar sem við förum um bókasöfn? Tökum oss einhverja bók í hönd– til dæmis guðfræðirit eða bók um skólafrumspeki– og spyrjum: Geymir þessi bók einhver sértæk rök um magn eða tölur? Nei. Geymir hún þá reynslurök um staðreyndir og tilvist? Ekki heldur. Þá skal henni á eld kastað því hún getur ekki geymt neitt annað en hártoganir og hillingar.

Í heimspeki Kants var greinarmunur rökhæfinga og raunhæfinga ákaflega mikilvægur og þó að finna megi vísbendingar um þennan greinarmun í verkum margra forvera hans, eins og hér hefur lítillega verið rakið, er auðvitað sannleikskorn í þeirri sögu að greinarmunurinn sé undan rifjum hans runninn, því hann birtist hvað skýrast hjá honum og er það hann sem leggur til þau hugtök sem notuð hafa verið í umræðunni síðan. Kant kallar þá dóma greinandi sem „segja ekkert annað í umsögninni en það sem þegar var hugsað í frumlagshugtakinu, þótt ekki væri það jafn skýrt og meðvitað.“²² Umsögnin „felst“ í frumlaginu. Dóma sem auka þekkingu okkar kallar hann sameinandi. Eitt af dæmum Kants um hið fyrrnefnda er setningin „Allir efnislegir hlutir hafa rúmtak“. Kant segir að þegar þessi setning sé sögð, þá sé í raun verið að leysa upp eða greina frumlagið, þ.e. útskýra það. Í hugtakinu „efnislegur hlutur“ felist að þeir hafi rúmtak og þess vegna bæti það engu við þekkingu okkar að hafa orð á því.²³ Samsvarandi dæmi fyrir sameinandi dóma á þessum stað hjá Kant er setningin „Sumir efnislegir hlutir eru þungir“. Þessi setning bætir einhverju við frumlagið, ekki felst í hugtakinu efnislegur hlutur að vera þungur, og er þess vegna sameinandi.

Orðið sem Kant notar yfir greinandi dóma, þ.e. rökhæfingar, er þýzka orðið *analytische* og er eitthvert afbrigði þess notað á flestum, ef ekki öllum indó-

²²Kant 2004, bls. 4.

²³Sama rit, bls. 4.

evrópskum málum öðrum en íslenzku. Orðið er dregið af gríska forskeytinu „ἀνά“, sem merkir „upp“, og sögninni „λύω“ sem merkir „að leysa“. Orðið þýðir því beinlínis „að leysa upp“ eða, í afleiddri merkingu, „að greina í sundur“. Samsvarandi orð Kants fyrir sameinandi dóma, þ.e. raunhæfingar, er *synthetische* sem einnig er af grískum uppruna og er dregið af „σύν“, sem merkir „saman“, og nafnorði mynduðu af sögninni „τίθημι“, sem þýðir m.a. „að setja“. Orðið merkir því eitthvað sem sett hefur verið saman, þ.e. sameinað eða skeytt.

Kant leit svo á að allar greinandi setningar grundvölluðust á mótsagnarlögmálinu, þ.e. það leiddi til mótsagnar að neita þeim og að af þeim sökum væru þær allar sannar *a priori*.²⁴ En hann leit ekki svo á að allar skeytingar væru sannar *a posteriori*, þvert á móti, því að hans dómi voru stærðfræðileg sannindi í raun skeytingar en þó fyrirfram sannar. Þau eru fyrirfram sönn vegna þess að ekki þarf að vísa til nokkurrar reynslu til að komast að sanngildi þeirra en á hinn bóginn er ekki nóg að beita mótsagnarlögmálinu til að átta sig á því að þau eru í raun sönn. Kant taldi sig hafa, með þessari skiptingu, tekizt að finna frumspekinni stað: Umfjöllunarefni hennar ætti að vera sameinandi, *a priori* setningar.²⁵

Quine nefnir tvennt athugavert við skilgreiningu Kants á rökþæfingum. Í fyrsta lagi þá einskorðast framsetning hans við setningar sem hafa formið frumlagumsögn og í annan stað byggir hún á vafasamri hugmynd um hvað það þýðir að „felast í“.²⁶ Þó er athyglisvert að dæmi Kants um stærðfræðilega setningu sem hann segir að sé ekki *a priori* greinandi heldur skeytandi, (8) „ $7 + 5 = 12$ “ er ekki á forminu frumlag-umsögn. Því má velta fyrir sér að ef til vill hefði Kant talið stærðfræðilegar setningar vera rökþæfingar ef hann hafði haft á máttugri rök-

²⁴Kant 2004, bls. 4.

²⁵Sama rit, bls. 7.

²⁶Quine 2003c, bls. 21.

fræði á að skipa. Auk þess er ekki algjörlega fráleitt að halda því fram að líta megi á samsetta hugtakið „7 + 5“ sem samheiti tölunnar tólf og þess vegna sé (8) eftir allt saman rökhæfing, og jafnvel þó að strangt til tekið sé ekki um samheiti að ræða, þá er að minnsta kosti alltaf hægt, í stærðfræði, að skipta út tölunni tólf fyrir „7 + 5“ án þess að sanngildi breytist. Til dæmis gildir að:

$$12 \cdot \sqrt{17} = (7 + 5) \cdot \sqrt{5 + (7 + 5)}$$

Eins og áður sagði benti Quine á þá vankanta á framsetningu Kants að erfitt er að sjá nákvæmlega hvað það þýðir að umsögnin sé hugsuð í frumlaginu og að ekki er mjög skýrt hvers vegna það eigi að leiða til mótsagnar að neita setningum af því tagi. Neitun setningar eins og (30) „Gull er málmur“, sem Kant nefnir sem dæmi um rökhæfingu, hefur nefnilega ekki rökform mótsagnar, heldur formið $(\forall x)(Gx \rightarrow \sim Mx)$. Fleira mætti týna til. Hvað á til dæmis að segja um setningu á borð við (10) „Ef Jón er stærri en Gunnar og Gunnar er stærri en Sigurður, þá er Jón stærri en Sigurður“? Þessi setning virðist vera sönn merkingar sinnar vegna (engu skiptir hvað maður setur inn í stað nafnanna, t.d. bókstafi) en engu að síður passar hún illa við framsetningu Kants. Það felst ekki í hugtakinu „Sigurður“ að vera stærri en Jón á neinn sambærilegan hátt og hægt væri að segja um setningu (30) að umsögnin fælist í frumlaginu.

Frege og hin nýja rökfræði hans breyttu þessari skilgreiningu Kants og tókst honum að komast fram hjá ýmsum af þeim vandkvæðum sem rakin hafa verið. Frege hugsaði rökfræðina ekki sem samband frumlags og umsagnar, eins og Aristóteles hafði gert, heldur sem samband falls og breytu. Setninguna „Allir Grikkir eru dauðlegir“ ætti því ekki að líta þannig á að frumlagið sé alhæft um

umsögnina, heldur sem tengsl breytu sem fær gildið „Grikki“ við hugtakið „... að vera dauðlegur.“ Þetta mætti skrifa sem $(\forall x)(Gx \rightarrow Dx)$, en það væri lesið sem: „Um öll x gildir að ef x er Grikki þá er x dauðlegt. Samkvæmt Frege þá vísaði fallið Dx til hins „sanna“ ef x fengi gildið „Grikki“ en annars til hins ósanna.

Óþarfi er að rekja frekar rökfræði Freges nema til að segja að þessi framsetning gerir manni kleift að víkka út skilgreininguna á rökhæfingum og víkja til hliðar þeirri skilgreiningu sem einskorðast við setningar á forminu frumlag-umsögn. Þessi nýja skilgreining felst í því, eins og lítillega var minnzt á hér að ofan, að setning væri rökhæfing ef hægt væri að skipta út orðum í henni út fyrir samheiti þess og breyta því þannig í röksannindi. Svo klifað sé á dæmi sem áður hefur verið tekið, þá er setningin (3) „Allar læður eru kettir“ þannig rökhæfing vegna þess að hægt er að skipta út orðinu „læður“ út fyrir samheiti þess, „kvenkyns köttur“. Þá stendur eftir setningin (11) „Allir kvenkyns kettir eru kettir“ sem er augljós röksannindi. Þessi skilgreining á rökhæfingum veltur þó, þegar grannt er skoðað, á ákveðnum hugmyndum um samheiti og merkingu, hugmyndum sem Quine reifaði djúpstæðar efasemdir um og hlaut mikla frægð af, eins og rakið verður síðar.

Með þessa skilgreiningu á rökhæfingum að vopni settu hinir rökfræðilegu raunhyggjumenn eftirstríðsáranna, með Carnap í broddi fylkingar, fram ákaflega róttæka kenningu um nauðsyn og merkingu. Rökfræði og stærðfræði, viðurkenndu þeir, voru ekki sprottin úr reynslu heldur voru fyrirfram og nauðsynlega sannar greinar, en tómar. Þær höfðu ekkert að segja um heiminn en hlutu sinn nauðsynlega sannleik einungis frá venjubundinni notkun orða,²⁷ þ.e. setningar í stærðfræði og rökfræði eru sannar vegna þess hvernig orð og tákni í þessum grein-

²⁷Ayer 1946, bls. 21–24.

um eru notuð. Rökhæfingar voru svo sannar eins og Frege hafði sagt, vegna þess að þeim var hægt að breyta í röksannindi með því að skipta út orðum fyrir samheiti þess. Setningar á forminu „ $\sim(p \ \& \ \sim p)$ “ eru t.a.m. sannar vegna þess hvernig táknin „ \sim “ og „ $\&$ “ eru notuð. Þessi kenning er gjarnan kölluð samkomulagshyggja (e. *conventionalism*). Samkvæmt pósítívistunum gátu raunhæfingar einar haft innihald.²⁸ Setningum sem féllu í hvorugan flokkinn, t.d. öllum niðurstöðum frumspekinga og guðfræðinga var hafnað sem merkingarlausum. Frumspeki var, að þeirra mati, merkingarlaus vegna misnotkunar á tungumálinu, eins og Quine komst að orði.²⁹ Leiðin sem þeir höfðu til að meta hvort setning hafði merkingu eða ekki, var hin svokallaða staðfestingarkrafa. Ágæt útgáfa hennar sem er sú sem A.J. Ayer setur fram í *Language, Truth and Logic*, þó svo að hún sé á engan hátt sú eina. Hún er svona:

[S]etning er frumspekileg [...] einungis ef hún er hvorki klifun né staðfestanleg með einhverjum hætti af mögulegri athugun.³⁰

Það er að segja, setning hefur merkingu ef hún er annað hvort rökhæfing eða raunhæfing sem reynsla af einhverju tagi gæti staðfest. Dæmi um slíka setningu sem ekki uppfyllir skilyrðin væri eftirfarandi setning eftir Heidegger: (12) „Neindin afhjúpar sig í angistinni.“³¹ Setningin er ljóslega ekki rökhæfing, því það felst ekki í hugtakinu „neind“ að afhjúpa sig í angistinni, en samt er erfitt að ímynda sér aðstæður þar sem slík setning gæti verið staðfest með einhverri athugun. Í huga rökfræðilegra raunhyggjumanna er (12) því algjörlega merkingarlaus.

²⁸Stroll 2000, bls. 66.

²⁹Quine 1966a, bls. 101. Sjá einnig kaflann „The Rejection of Metaphysics” í Carnap 1935.

³⁰Ayer 1946, bls. 136. Ayer notar hér orðið „frumspekilegt” sem samheiti fyrir „merkingarlaust“.

³¹Heidegger, bls. 13.

Í heimspeki Carnaps, sem var einn af rökfræðilegu raunhyggjumönnunum, var þessi greinarmunur ákaflega mikilvægur og gerði honum kleift að setja fram smættarhyggju sína og samkomulagshyggju á ákaflega sannfærandi og áhrifarík-an hátt. Það sem vakti fyrir Carnap var að útskýra stærðfræðileg sannindi án vísunar til einhvers konar *innsæis* (e. *intuition*).³² Quine taldi að heildarhyggja væri betur til þessa fallin en smættarhyggja³³ og gagnrýndi Quine Carnap fyrir þær skoðanir sínar, þrátt fyrir mikinn og ævilangan vinskap þeirra á milli, og fjallar næsti kafli um það.

³²Quine og Carnap 1990, bls. 6.

³³Quine og Gibson 2004, bls. 61.

Greinargerð fyrir rökum Quines

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir gagnrýni Quines eins og hún birtist í greininni „Two Dogmas of Empiricism“, eða „Tvær kreddur raunhyggjumanna“ eins og hún hefur verið nefnd á íslenzku. Greinin er tvískipt. Í fyrsta hluta gagnrýnir Quine á greinarmuninn á rökhæfingum og raunhæfingum og hinum síðari smættarhyggju raunhyggjumanna. Rök Quine gegn fyrri kreddunni snúast ekki beinlínis um það að engar rökhæfingar séu til, heldur frekar að hugmyndin um rökhæfingar sé óskýr og enga skýra markalínu sé hægt að draga á milli þeirra og raunhæfinga. Gagnrýni Quines á þá seinni felst aðallega í því að setja fram aðra og betri mynd af vísindum: í stað smættarhyggju vill hann setja heildarhyggju.

Quine byrjar greinina á að gera örlitla grein fyrir því hvernig hugtakið rökhæfing hefur verið notað í heimspekisögunni og kemst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að heimspekingar kalli rökhæfingar þær setningar sem séu sannar vegna merkingar orðanna sem notuð eru og óháð öllum staðreyndum.³⁴ Þessum setningum má skipta í tvo flokka, þær sem eru röklega sannar og þeim sem einkennast af því að hægt er að breyta þeim í röksannindi með því að setja samheiti í staðinn fyrir samheiti. Eftirfarandi setning frá Quine er dæmi um röksannindi, þ.e. setningu sem er röklega sönn:³⁵

(13) Enginn ógiftur karlmaður er giftur.

Þessi setning er, eins og Quine segir, ekki bara sönn, heldur sönn sama hvernig orðin „maður“ og „giftur“ eru túlkuð, ef orðin sem kalla mætti *rökfasta*, eins og „enginn“, „ó-“, „ekki“, „ef“, „og“, o.s.frv. haldast óbreytt. Taka má eftirfarandi

³⁴Quine 2003c, bls. 23.

³⁵Sama rit, bls. 23.

setningu sem dæmi um setningu sem breyta má í röksannindi með að skipta út orði í staðinn fyrir samheiti þess:

(14) Enginn piparsveinn er giftur.

Hægt er að breyta henni í (13) með að setja orðin „ógiftur karlmaður“ í staðinn fyrir samheiti þeirra, „piparsveinn“. Hér er ákveðið vandamál á ferðinni að mati Quine, því að þessi skilgreining á rökhæfingum hvílir á óskýrðri, undirliggjandi hugmynd um hvað það er fyrir orð að vera „samheiti“.³⁶ Ekki dugir að fletta upp skilgreiningum í orðabók og sjá þannig að orðin „piparsveinn“ og „ógiftur karlmaður“ eru samheiti, því orðabókarhöfundar skrifa í bækurnar það sem þeir sjá í tungumálinu. Þ.e., verk það sem þeir hafa með höndum er lýsandi, en ekki vísandi og er því ekki hægt að taka skilgreiningu þeirra sem grundvöll fyrir þessari samsvörun í merkingu. Það að tvö orð séu sömu merkingar kemur því frá hversdagslegri notkun þeirra og orðabókarskilgreiningar eru ekkert nema lýsandi greinargerðir fyrir þessari notkun. Ef orðabókarskilgreiningar lægu að baki rökhæfingum væru allar setningar með frumlagi sem skilgreint væri í tiltekinni orðabók og með umsögn sem finna má í skilgreiningunni, rökhæfingar. Tökum sem dæmi setningu sem augljóslega þykir vera raunhæfing:

(15) Allir hrafnar eru svartir.

Ef flett er upp í orðabók³⁷ og skilgreiningin á orðinu „hrafn“, þ.e. „Stór svartur fugl af hröfnungaætt“, er sett í staðinn fyrir orðið í (15), fæst eftirfarandi setning:

(16) Allir stórir svartir fuglar af hröfnungaætt eru svartir.

Þessi setning er augljóslega röksannindi en samt var hún leidd af augljósri raunhæfingu sem var fullkomlega sambærileg við (14), meinta rökhæfingu, með því að

³⁶Quine 2003c, bls. 24.

³⁷Hér var notuð Orðabók Menningarsjóðs.

setja inn samheiti. Það sem átt er við með orðinu sambærilegt hér, er að í hvorugu tilfellinu er hægt að sjá hvort um sé að ræða rökhæfingu eða raunhæfingu, án þess að vita fyrirfram hvað orðin þýða. Það hljómar kannski sjálfsagt, en hvernig er hægt að gera greinarmun á rökhæfingum og raunhæfingum, samkvæmt þessari skilgreiningu, ef það hvorki hægt *a priori* né *a posteriori*?

Ekki er það sem Quine segir að Carnap kalli „útleggingu“ (e. *explication*) heldur nógu gott, en þar er ekki verið að reyna að þýða það sem útleggja á yfir í beint samheiti, heldur bæta skilning og fága notkun orðsins. En þó að ekki sé beinlínis verið að finna samheiti, hvílir það samt, að mati Quines, á öðrum fyrirliggjandi samheitum, þ.e. ekki er hægt að leggja stund á útleggingu nema að gera ráð fyrir því að til séu önnur samheiti orðsins, og gildir þá hin fyrri gagnrýni.³⁸ Til eru svo loks dæmi þar sem orð eru búin til sem samheiti annarra með skilgreiningu en það er undantekning frekar en regla. Orð í náttúrulegum málum hafa sjaldnast þann eiginleika að hafa verið skilgreind með raunverulegri skilgreiningu. Í formlegum tungumálum falla svo skilgreiningar líka undir einhvern af þessum þremur flokkum, þ.e. byggja á fyrirliggjandi samheitum, útleggingu eða sérstakri skilgreiningu. Eftir að hafa afgreitt skilgreiningar sem góða leið til að skilja rökhæfni (e. *analyticity*), beinir Quine sjónum sínum að því sem kalla mætti víxlanleika (e. *interchangeability salva veritate*).³⁹ Þá er hugmyndin að tvö orð teljist samheiti ef hægt er að hafa skipti á þeim í öllum tilfellum án þess að sanngildi breytist. Auðveldlega er hægt að sýna fram á að það er ekki hægt, að minnsta kosti ekki nema að gera ráð fyrir að orðið megi ekki koma fyrir í ákveðnum orðasamböndum né innan gæsalappa. Til dæmis er ekki hægt að víxla orðunum „piparsveinn“ og „ógiftur karlmaður“ í eftirfarandi setningu:

³⁸Quine 2003c, bls. 25.

³⁹Latneskt orðasamband komið frá Leibniz og merkir „með sannleikann óskaddaðan“ Setningin er í *ablativus modi*.

(17) „Piparsveinn“ byrjar á „p“

Ef litið er framhjá slíkum tilfellum, gæsalöppum og þar sem orðið kemur fyrir innan annarra orða og gert ráð fyrir að við vitum hvað það merkir nákvæmlega að að vera „orð“, þá er heldur ekki hægt að nota samheiti sem mælikvarða fyrir rökhæfni. Samheitin sem Quine leitar eftir hér eru það sem ég kys að kalla á íslenzku „merkingarsamheiti“ (e. *cognitive synonym*) en það eru samheiti sem eru þess eðlis að breyta má rökhæfingum í röksannindi með því að skipta út einu fyrir annað. Quine útskýrir að það að segja að tvö orð séu merkingarsamheiti, til dæmis „piparsveinn“ og „ógiftur karlmaður“, ef gengið sé að því vísu að við skiljum orðið rökhæfing, sé ekkert annað en að segja að eftirfarandi setning sé rökhæfing:

(18) Allir piparsveinar og einungis þeir, eru ógiftir karlmenn.⁴⁰

Næst skoðar Quine röksemdafærslu sem við fyrstu sýn virðist ekki ganga að rökhæfingum vísu. Skoðum eftirfarandi setningu:

(19) Nauðsynlega eru allir piparsveinar, og aðeins þeir, piparsveinar.

Þessi setning er nauðsynlega sönn, jafnvel þó að orðið „nauðsynlega“ geti bara átt við um rökhæfingar, því að þetta eru röksannindi. Af þessu leiðir að með víxli má leiða eftirfarandi sanna setningu:

(20) Nauðsynlega eru allir piparsveinar, og aðeins þeir, ógiftir karlmenn.

En að segja að (20) sé sönn er að segja að (18) sé rökhæfing og þar með að orðin „piparsveinn“ og „ógiftur karlmaður“ séu merkingarsamheiti. Quine telur að þessi röksemdafærsla sé ógild vegna þess að hún gerir ráð fyrir að til sé í tungumálinu

⁴⁰Quine 2003c, bls. 29.

orð eins og „nauðsynlega“ sem sé þess eðlis að það „láti í ljós sannindi“⁴¹ sé það notað um rökhæfingar og einungis þær. Ef við leyfum notkun slíks orðs erum við að gera ráð fyrir að við skiljum orðið „rökhæfing“ og að reyna að komast að því var einmitt það sem Quine er að reyna að gera. Þessi röksemdafærsla gengur ekki beint í hring heldur hefur, eins og Quine kemst að orði, „lögun lokaðrar sveigju í rúminu“.⁴²

Quine nefnir að oft sé því haldið fram að ástæðan fyrir því að erfitt sé að aðskilja rökhæfingar frá raunhæfingum í venjulegu tungumáli sé sú hversu óskýr þau eru og ef við hefðum bara nákvæmt mál með skýrum túlkunarreglum, þá myndi vandinn leysast. Þetta segir Quine að sé ruglingur. Gerum ráð fyrir máli sem hefur skýrar túlkunarreglur sem afmarka hvaða setningar skuli teljast vera rökhæfingar í því máli og hverjar ekki. Reglurnar segja okkur að tilteknar setningar, og einungis þær, skuli telja til rökhæfinga. Hér er vandamálið, að dómi Quine, að þó við vitum hvaða setningar það eru sem teljast skuli til rökhæfinga vitum við ekki hvað það er sem reglurnar segja setningarnar vera. Við höfum aftur gert ráð fyrir rökhæfni við að skilgreina hana.⁴³

Önnur leið er að líta á regluna sem skilgreiningu á nýju ósamsettu hugtaki „rökhæfingu-í- L_0 “ (þar sem L_0 er tiltekið tungumál). Þetta hugtak væri gott að tákna með K , svona til þess að nota örugglega ekki hið óskilgreinda orð rökhæfing. Hér er þá ekki verið að skilgreina hvað rökhæfing merkir, né orðasambandið „rökhæfing í“ heldur einungis „rökhæfing-í- L_0 “. Hvað felst þá í því að segja að mengi staðhæfinga sem sannar eru samkvæmt K sé mengi rökhæfinga í L_0 en ekki mengi staðhæfinga sem sannar eru samkvæmt einhverjum reglum M, N eða

⁴¹Quine 1991, bls. 39.

⁴²Quine 2003c, bls. 30.

⁴³Sama rit, bls. 32.

O, svo dæmi séu tekin? Túlkunarregla sem segir hvaða setningar í málinu eru sannar hefur ekki þann ókost að gera ráð fyrir orðinu „rökhæfing“ og skilgreina mætti þá rökhæfingar sem þær setningar sem ekki bara eru sannar, heldur sannar samkvæmt reglunni. Hér segir Quine að við höfum heldur ekki náð neinum árangri.⁴⁴ Í staðinn fyrir að notast við hið óskilgreinda orð „rökhæfing“ reiðum við okkur í staðinn á orðið „túlkunarregla“ sem þarfnast jafnmikilla skýringa við og orðið „rökhæfing“. Ef allar sannar setningar í L_0 , sem segja að ákveðið mengi setninga séu sannar, geta talizt sem túlkunarreglur, þá gæti sérhver setning í L_0 talist vera rökhæfing, í þeim skilningi að hún væri sönn samkvæmt túlkunarreglu. Með öðrum orðum, ef sannar setningar í einhverju máli eiga að skilgreina hvaða setningar aðrar eru rökhæfingar (eða hvað svo sem annað) geta allar sannar setningar í málinu verið rökhæfingar, því að það er hendingu háð hvaða sönnu setningar maður valdi í upphafi, þ.e. sem túlkunarreglur. Allar sannar setningar geta gegnt því hlutverki. Eða eins og Quine segir:

Að því er virðist er einungis hægt að þekkja túlkunarreglur af þeirri staðreynd að þær birtast á blaðsíðu undir fyrirsögninni „Túlkunarreglur“; og þá er sjálf fyrirsögnin alveg merkingarlaus.⁴⁵

Quine segir að gagnlegt sé að bera túlkunarreglur saman við frumsendur í stærðfræði eða rökfræði. Ef skoðað er ákveðið mengi frumsetninga er vel hægt að segja hvaða setningar eru frumsendur, þær eru þær setningar sem eru stök í menginu. Alveg eins er hægt að segja hvaða reglur eru túlkunarreglur ef skoðað er ákveðið mengi túlkunarreglna. Merkingarlaust er hins vegar að spyrja hvaða setningar séu frumsendur almennt. Það er einungis hægt með tilliti til ákveðins

⁴⁴Quine 2003c, bls. 33.

⁴⁵Sama rit, bls. 34.

kerfis. Allar setningar, af endanlegum fjölda eða óendanlegum, er hægt að tilgreina sem frumsetningar og það sama gildir um túlkunarreglur. Því eru engin ákveðin sannindi í L_0 rökhæfingar, fremur en önnur.⁴⁶

Richard Creath útskýrir þessa líkingu Quines við frumsendur í stærðfræði vel í inngangi sínum að bréfaskiptum Quines og Carnaps.⁴⁷ Ef maður skoðar frumsendur og skilgreiningar, til dæmis, einhverrar rúmfræði er engin ástæða til að líta svo á að rúmfræðin í heild fjalli um nokkuð raunverulegt, til að mynda línur eða fleti, nema að til sé einhver mælikvarði utan rúmfræðinnar eða regla sem gerir okkur kleift að túlka hugtök hennar. Slíkar reglur kallar Carnap „samsvörunarreglur“.⁴⁸ Í raun má líta svo á að Quine sé að biðja um slíka samsvörunarreglu sem tryggir að skilgreining okkar á rökhæfingum í L_0 hafi einhverja túlkun utan málsins sjálfs.

Hægt væri þó að komast hjá þessum vanda með því að líta svo á að L_0 væri tungumál í venjulegum skilningi, auk mengis sem innihéldi allar túlkunarreglur málsins, sem væri ekki hluti af málinu sjálfu, því að vandinn sprettur upp frá því að láta málið lýsa sjálfu sér. Hér væri allt eins gott að skilgreina bara strax mengi rökhæfinga í L_0 í stað þess að burðast með túlkunarreglur, eða jafnvel enn frekar, eins og Quine kemst að orði, að „hætt[a] að reyna að draga okkur sjálf upp á hárinu.“⁴⁹

Draga mætti röksemdafærslu Quines saman í mjög stuttu máli á eftirfarandi hátt: hugtakið rökhæfing er óskýrt vegna þess að í öllum skilgreiningum sem settar hafa verið fram, og jafnvel öllum mögulegum skilgreiningum, eru notuð

⁴⁶Quine 2003c, bls. 35.

⁴⁷Sama rit, bls. 14.

⁴⁸Quine og Carnap 1990, bls. 14.

⁴⁹Quine 1991, bls. 45.

orð sem eru að minnsta kosti jafn óskýr, ef ekki óskýrari en orðið sem þau eiga útskýra, nefnilega orð og orðasambönd eins og „nauðsyn“, „merking“, „skilgreint sem“, „samheiti“ og „túlkunarregla“. Þessi orð hafa, eins og Quine bendir á, enga skýra afmarkaða merkingu og einungis skilgreinanleg með öðrum orðum í sama hópi.

Quine lýkur þessum kafla ritgerðarinnar á að benda á að augljóst sé að sannleikur setninga í tungumáli byggist bæði á málinu sjálfu og staðreyndum utan þess. Að hægt sé að gera einhvern greinarmun á rökhæfingum og raunhæfingum sé ekkert annað en „kredda raunhyggjumanna, frumspekilegt trúaratriði.“⁵⁰

Næst beinir Quine sjónum sínum að því sem hann kallar „hina kreddu raunhyggjumanna“, *smættarhyggju*. Fyrst útlistar hann eina tegund þess sem kalla mætti *róttæka smættarhyggju*, en það er í þessu tilfelli sú kenning að til hvernar staðhæfingar vísindanna svari einhver staðhæfing um beina reynslu. Þar er litið á hverja staðhæfingu sem þær einingar sem bera merkingu, þ.e. eru merkingarbærar.⁵¹ Þessi smættarhyggja hætti með tímanum að vera, eins og Quine bendir á, nauðsynlegur partur af heimspeki pósitívistanna⁵² en í stað hennar hafi komið önnur útþynntari. Quine lýsir henni með þessum orðum:

Sú hugmynd er enn við lýði að til sé ákveðinn hópur mögulegra skynjanlegra atvika fyrir hverja staðhæfingu, eða raunhæfingu, sem auki líkur á sannleika hennar ef atvikin eiga sér stað og annar hópur er dragi úr þeim ef atvik úr honum eiga sér stað. Þessi hugmynd felst auðvitað í sannreynslukenningunni um skilning.⁵³

⁵⁰Quine 1991, bls. 46.

⁵¹Quine 2003c, bls. 41.

⁵²Sama rit, bls. 41.

⁵³Quine 1991, bls. 50.

Í stað þessarar smættarhyggju vill Quine setja *heildarhyggju*, bæði þekkingarfræðilega og merkingarfræðilega. Hann útskýrir hugmynd sína m.a. með myndlíkingum, í fyrsta lagi megi líta á heild þekkingar okkar eða skoðana, allt frá viðteknum skoðunum landafræði og sögu, til stærðfræði og rökfræði, sem manngerðan vef sem einungis snertir reynslu okkar á jöðrunum.⁵⁴ Með annarri myndlíkingu líkir Quine vísindunum við „orkusvið þar sem reynslan er markaskilyrði.“ og ef „sviðið er andstætt reynslu í útjaðrinum veldur það leiðréttingu innar í sviðinu“.⁵⁵ Þ.e. reynsla sem stangast á við vefinn, við jaðarinn, gæti valdið breytingum í miðjunni, fjærst jaðrinum, vegna þess að allar setningar í honum eru röklega tengdar, og jafnvel sjálf lögmál rökfræðinnar eru undir sömu sök seldar. Engin möguleg reynsla getur stangast á við eina ákveðna setningu í vefnum, heldur einungis við vefinn í heild.⁵⁶ Til að útskýra þetta betur mætti hafa eftirfarandi dæmi frá Hans-Johan Glock:⁵⁷ Þegar vísindamaður setur fram spásögn p í samræmi við kenningu sem hann hefur, sem kalla mætti T , þá reiðir hann sig ekki bara á kenninguna heldur einnig ýmsar aðrar hjálparsetningar A , auk stærðfræðilegra setninga og rökfræðilegra, M og L . Ef tilraun leiddi í ljós $\sim p$ myndi það ekki þýða að T hefði verið afsönnuð, heldur að öll heildin, $T \& A \& M \& L$ væri ósönn. Þetta er þekkingarfræðilegi þáttur heildarhyggjunnar, en hún er líka merkingarfræðileg vegna þess að samkvæmt henni er það vefurinn í heild sem hefur merkingu en ekki einstakar setningar.

Stundum orðar Quine greinarmuninn á rökþæfingum og raunþæfingum á þann hátt að setningar hafi bæði málinntak (e. *linguistic component*) og rauninntak (e.

⁵⁴Quine 2003c, bls. 42.

⁵⁵Quine 1991, bls. 51.

⁵⁶Quine 2003c, bls. 42.

⁵⁷Glock 2004, bls. 77.

factual component). Til dæmis hefur setningin (21) „Brútus drap Sesar“ bæði rauninntak og málinntak, þ.e. sanngildi hennar veltur bæði á því hvernig við notum orðin „Brútus“, „drap“ og „Sesar“ og þeirri staðreynd að Brútus drap Sesar.⁵⁸ Setningin (22) „Annað hvort drap Brútus Sesar eða Brútus drap ekki Sesar“ virðist á hinn bóginn ekki velta á neinum staðreyndum, heldur einungis því hvernig orðin „Annað hvort“ og „eða“ eru notuð. Setning (22) hefur því einungis málinntak. Það gæti verið freistandi að líta svo á að þær setningar sem hafa ekkert rauninntak megi kalla rökhæfingar. Ef mynd sú sem Quine dregur upp af tungumálinu er rétt er það hins vegar ákaflega villandi og enga ákveðna setningu megi „álíta sanna sama hvað á dynur“⁵⁹ nema í samhengi vefjarins alls og að sama skapi er engin setning „undanþegin endurmati“.⁶⁰ Setningar sem virðast á yfirborðinu vera rökhæfingar, og þar af leiðandi djúpt inni í vefnum, eru einfaldlega þær setningar sem við viljum sízt breyta. Sanngildi allra setninga má breyta, samkvæmt Quine, svo framarlega sem við gerum nægar breytingar í kerfinu öllu.⁶¹

⁵⁸Quine 2003c, bls. 36.

⁵⁹Quine 1991, bls. 52.

⁶⁰Sama rit, bls. 52.

⁶¹Quine 2003c, bls. 43.

Gagnrýni Glocks.

Einn þeirra heimspekinga sem gagnrýnt hefur Quine er Hans-Johan Glock. Í þessum kafla verður fjallað um gagnrýni hans á rök Quines og tilraunir hans til að setja fram skilgreiningu á rökhæfingum sem rök Quines bíta ekki á.

Glock viðurkennir að rök Quines og heildarhyggja gangi að greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum dauðum ef reynt er að byggja hann á merkingu, málvenju eða skilgreiningum, en takist þó ekki að sýna að enginn munur sé á rökhæfingum og raunhæfingum, og að Quine hafi raunar viðurkennt þann greinarmun á endanum.⁶²

Glock setur fram skilgreiningu á rökhæfingum sem hann telur að bjargi greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum, og í raun varpi nýju ljósi á hann. Skilgreining Glocks er eftirfarandi:

(23) Setning s er rökhæfing, ef neitun málnotanda x á s , sýnir að annað hvort skildi x ekki s eða að x notar s á nýstárlegan hátt af ásettu ráði.⁶³

Hann bætir svo við að hvort setning s sé rökhæfing eða ekki veltur á viðbrögðum málsamfélagsins við neitun x á s .⁶⁴ Til að útskýra þetta betur tekur Glock dæmi frá Strawson og Grice. Setningin (24) „Sjö ára dóttir mín skilur rökþrepakenningu Russells” er þess eðlis, samkvæmt Glock, að við myndum einfaldlega ekki trúna henni, en setningin (25) „Sjö ára dóttir mín er fullorðin” er á hinn bóginn þannig að við myndum ekki skilja hana. Það sem skilur á milli rökhæfinga og raunhæfinga er hvernig við bregðumst við dæmum sem þessum, annars vegar með vantrú og efa, en hins vegar með skilningsleysi.⁶⁵ Þessi skilgreining byggir

⁶²Glock 2004, bls. 81.

⁶³Sama rit, bls. 83.

⁶⁴Sama rit, bls. 83.

⁶⁵Glock 2004, bls. 83.

ekki á beinlínis á merkingu eins og aðrar skilgreiningar hafa reynt, þ.e. rökhæfingar er ekki hægt að útskýra með því að þær séu beinlínis sannar í krafti merkningar sinnar en þó hafa þær ljóslega einhver tengsl við merkingu. Glock grípur hér til raka úr smiðju Wittgeinsteins til að útskýra hver þessi tengsl nákvæmlega eru. Samkvæmt Wittgenstein þá fela staðhæfingar rökfræðinnar óbeint í sér skilgreiningar á rökföstudum sem notaðar eru í þeim.⁶⁶ Til dæmis þá er það hluti af merkingu tákanna „~” og „&” að við skulum telja setningu á forminu „ $\sim(\sim p \ \& \ p)$ ” sanna.

Með öðrum orðum, í stað þess að leiða af röksannindum og skilgreiningum, þá eru rökhæfingar sjálfar óbeinar skilgreiningar á orðunum sem notaðar eru í þeim. (Betra væri jafnvel að segja að skilgreining orðanna sem notuð eru í rökhæfingum sé fölgín í þeim.) Til dæmis er setningin (26) „Allir piparsveinar eru ógiftir” rökhæfing samkvæmt þessari mynd vegna þess að rökhæfingin felur skilgreininguna á „piparsveinn” í sér, skilgreinir hana óbeint. Það er hluti af merkingu orðsins „piparsveinn” að við skulum telja (26) sanna. Tilgangur (26) er ekki að staðhæfa eitthvað satt um piparsveina, heldur að *útskýra* notkun orðsins. Þetta minnir óneitanlega á skoðun Leibniz, sem minnzt var á hér að ofan.

Glock vill ennfremur segja að rökhæfingar fjalli um hugtökin sem við notum, þann hluta skoðana okkar sem kalla mætti *hugtækan* (e. *conceptual*). Glock segir að Quine eigi ekki til nein rök til að mótmæla þessu, en ég held að mjög auðveldlega megi sýna að Quine þurfi þess ekki og að þegar öllu sé á botninn hvolft, séu þeir Quine og Glock hreint ekki ósammála.

Í ritgerð sinni „Necessary Truth” tekur Quine þá staðreynd að skriðþungi hlutar sé í réttu hlutfalli við hraða hans sem dæmi um stærðfræðilega eða röklega nauðsynleg sannindi. Þetta mætti líka kalla *hugtæk sannindi*, því þau staðhæfa

⁶⁶Sama rit, bls. 84.

hvernig hugtakið „skriðþungi” skuli notað.⁶⁷ Þetta er röklega satt vegna þess að orðið skriðþungi er gjarnan skilgreint í klassískri eðlisfræði á eftirfarandi hátt, þar sem p er skriðþungi, v hraði og m massi:

$$(27) \quad p = v \cdot m$$

Quine biður okkur því næst að ímynda okkur eðlisfræðing sem þarf að útskýra óvenjulega rannsóknarniðurstöður sem eru í mótsögn við þá kenningu sem hann hefur. Þó er ekkert sérstakt atriði kenningarinnar sem niðurstöðurnar eru í ósamræmi við, heldur er það við kenninguna í heild. Eðlisfræðingurinn dettur niður á snjalla lausn: hann breytir lögmálinu um skriðþunga (og þar með kenningunni) á þann hátt að skriðþungi skilgreinist af eftirfarandi jöfnu, þar sem c er ljóshraði:

$$(28) \quad p = \frac{v}{1 - (v/c)}$$

Quine spyr hvort aðrir eðlisfræðingar muni gagnrýna okkar mann fyrir að víkja frá skilgreiningunni og að kenningin hans sé þess vegna merkingarlaus: hann sé bara í orðaleik. Quine svarar þessu neitandi, þeir munu ekki líta á þetta öðrum augum en hverja aðra kenningu.⁶⁸ Quine hefur hér ýmislegt til síns máls, ef ekki bara vegna þess að hann hefur raunverulegt dæmi í huga. Afstæðiskenning Einsteins breytti nefnilega skilgreiningunni á skriðþunga úr (27) í svipaða jöfnu og (28), þar sem m_0 er hvíldarmassi:

$$(29) \quad p = \frac{m_0 \cdot v}{\sqrt{1 - (v/c)^2}}$$

⁶⁷Quine 1966b, bls. 54.

⁶⁸Sama rit, bls. 54.

Quine segir að þeir sem líti á fullyrðingar um samband hraða og skriðþunga sem röklega sannar leggi of þunga áherzlu á skilgreiningar og bendir hann á að hægt sé að læra fræðilegt hugtak á tvenna vegu, annars vegar með að læra mörg tengd lögmál þar sem hugtakið kemur fyrir eða, á hinn bóginn, með því að læra skilgreiningu, þ.e. setningu sem koma má í stað hugtaksins. Munurinn sé í raun bara munur á því hvernig maður lærir hugtök, en ekki sá að sum lögmál hafi nauðsynlega æðra hlutverki að gegna í ákveðinni kenningu.⁶⁹ Sú fullyrðing að skriðþungi sé í réttu hlutfalli við hraða er sögð vera nauðsynlega sönn vegna þess að ef maður skiptir út orðinu skriðþungi fyrir þá skilgreiningu sem gefin var hér að ofan sést að með því er verið að fullyrða að massi sinnum hraði sé í réttu hlutfalli við hraða, en það er ekkert annað en rökþæfing. Quine heldur því fram að ástæðan fyrir því að fólk telur þessa setningu vera nauðsynlega sanna sé vegna greinarmunar sem það gerir á milli sannleika í rökfræði og stærðfræði annars vegar og sannleika í venjulegum skilningi. Hin síðarnefndi sé einnig hinn raunvísindalegi skilningur.⁷⁰ Quine, samkvæmur heildarhyggju sinni, dregur slíka markalínu í efa. Línuna sem dregin er milli stærðfræði og eðlisfræði mætti allt eins draga annars staðar, til dæmis á milli kennilegrar eðlisfræði og hagnýtrar, og stæði sú fyrri í sama sambandi við þá seinni og stærðfræðin er sögð gera við alla eðlisfræði. Þann lærdóm mætti draga af þessari dæmisögu að greinarmunurinn á meintum hugtækum og raunhæfum þáttum skoðana okkar sé ekki skýr og sé sífelldum breytingum undirorpinn.⁷¹

⁶⁹Quine 1966b, bls. 55.

⁷⁰Sama rit, bls. 55.

⁷¹Sama rit, bls. 55.

Glock samþykkir þetta og viðurkennir að greinarmunurinn sé ekki skýr og að setningar sem eitt sinn voru hugtækar geti einmitt orðið að raunhæfingum og vill hann nota slík dæmi eins og að ofan og önnur, til dæmis þá staðreynd að eitt sinn var það raunvísindaleg uppgötvun að gull hefði 79 róteindir en nú sé það nauðsynlegur þáttur í því sem við köllum gull, að munurinn á slíkum setningum sé einmitt til staðar og það sé einfaldlega rökvilla að segja að sú staðreynd að setningar geti breytt um stöðu sýni að greinarmunurinn sé óskýr. Það sé eins og að segja að vegna þess að þingmaður geti orðið forsætisráðherra sé enginn munur á þingmönnum og forsætisráðherrum. Það að hægt sé að endurskoða hvaða setningar teljist vera rökhæfingar og hverjar raunhæfingar, þýði ekki að munurinn sé ekki til.⁷²

Hér má hreyfa við ýmsum andmælum. Í fyrsta lagi held ég, svo ég haldi líkingu Glocks til streitu, að engin skýr munur sé á þingmönnum og forsætisráðherrum almennt, heldur einungis í samhengi við ákveðið stjórnskerfi með settum og skýrum reglum. Við getum t.d. auðveldlega sagt hver munurinn sé á forsætisráðherra Íslands annars vegar og þingmanni á Alþingi Íslendinga, en þegar á að segja hver munurinn sé almennt, þá vandast málið. Þetta er fullkomlega hliðstætt við hvernig skilgreining Carnaps á samsetta hugtakinu „rökhæfing- L_0 ” segir okkur ekkert um hugtakið „rökhæfing” almennt en einungis hvernig það er notað í ákveðnu máli, L_0 . Í öðru lagi, ef setningar geta breytt úr því að vera raunhæfingar, yfir í að vera rökhæfingar, og öfugt, eins og Glock viðurkennir, myndi það ekki frekar renna stoðum undir kenningu Quines að slíkur greinarmunur sé óskýr, en öfugt? Að munurinn sé bara hvernig maður lærir hugtök, eins og Quine segir í dæmisögunni af eðlisfræðingnum, en ekki að sumar setningar

⁷²Glock 2004, bls. 88.

hafi í eðli sínu æðra hlutverki að gegna en aðrar? Í raun mætti segja að það sé ekki kenning Quines að ekki megi með nokkru móti kalla ákveðið mengi setninga „raunhæfingar” og annað mengi „rökhæfingar”, heldur að greinarmunurinn sé ekki heimspekilega mikilvægur og fastskorðaður, og sé ekki eðlismunur heldur munur á stöðu setninga í heildarkerfi. Kenning Quines er þegar öllu er á botninn hvolft sú að enga setningu megi „álíta sanna sama hvað á dynur” og jafnframt að engin setning sé „undanþegin endurmati”, og er það ekki nákvæmlega það sem Glock heldur fram? Að þingmenn geti orðið forsætisráðherrar?

Þær setningar sem heimspekingar vilja kalla rökhæfingar eru, samkvæmt Quine, einungis frábrugðnar raunhæfingum í því að vera nær miðjunni í „vef vísindanna”. Setningin (30) „Gull hefur 79 róteindir” var eitt sinn raunvísindaleg uppgötvun, en núna mætti segja að gull skilgreindist af þeim eiginleika sínum að hafa 79 róteindir. Setningin var raunhæfing en er núna orðin að því sem Glock kallar „hugtæk” af því að hún útskýrir notkun hugtaksins „gull”. Samkvæmt kenningu Glocks hefur (30) nú breytt um eðli og er orðin að hluta af skilgreiningu á orði og þar með að rökhæfingu.⁷³

Mun eðlilegri túlkun að mínu mati væri einfaldlega að segja að hún hafi færst innar í vef reynslunnar og sé nú orðin ein af þeim setningum sem við myndum sízt vilja breyta, að hún hafi breytt um stöðu, en ekki eðli. Lítið hjálpi að nota orðið „rökhæfing” og sé því betur sleppt.⁷⁴ Ég held jafnframt að þegar öllu sé á botninn hvolft, passi sú kenning Glocks, að rökhæfingar skilgreini óbeint orðin sem notuð eru í þeim ágætlega við heildarhyggju Quines og þá kenningu hans að greinar-

⁷³Glock 2004, bls. 89.

⁷⁴Þó hlýtur að skjóta nokkuð skökku við að Glock taki svona til orða, þó ekki nema af því að hann hafði áður viðurkennt að ekki væri hægt að byggja greinarmuninn á skilgreiningum orða. Ef það er ekki hægt, hvernig er þá hægt að segja að ástæðan fyrir því að (30) sé orðin hugtæk (og þar með rökhæfing) sé sú að hún nú sé orðin skilgreining á hugtaki?

munurinn á rökhæfingum og raunhæfingum sé óskýr. Enda dytti Quine seint í hug að segja að ekki væru til setningar sem allir málnotendur ákveðins tungumáls myndu samþykkja að væru sannar. Með skilgreiningu sinni hefur Glock einfaldlega ekki sagt neitt markvert og dregið tennurnar úr greinarmuninum og gert hann heimspekilega máttlausan og gagnrýni hans er hægt að túlka á þann hátt að hún styrki skoðun Quines, frekar en veiki.

Gagnrýni Strawson og Grice

Í þessum kafla verður gert grein fyrir því hvað felst í því sem kallað hefur verið „ásökunin um hringrök“ (e. *the circularity charge*) í grein Quines og mótrökum þeirra Strawsons og Grice gegn þeirri ásökun, eins og hún birtist í grein þeirra, „In Defense of a Dogma“. Jafnframt mun ég halda því fram að þessi ásökun Quines séu einungis sannfærandi ef maður gengur út frá heildarhyggju hans, þ.e. að á sama hátt og Quine segir að nauðsynleg tengsl séu á milli þess sem hann kallar „kreddurnar tvær“: greinarmunarins á rökhæfingum og raunhæfingum og smættarhyggju, þá séu einnig sterk tengsl milli heildarhyggju Quines og raka hans gegn greinarmuninum. Með öðrum orðum, á sama hátt og smættarhyggja er forsenda þess að samþykkja greinarmuninn á rökhæfingum og raunhæfingum, þá eru aðrir þættir í heimspeki Quines forsenda þess að samþykkja rök Quines gegn honum.

Eins og fjallað var um í þarsíðasta kafla þá gagnrýndi Quine notkun orðsins „rökhæfing“ meðal annars með því að benda á að orðið er einungis hægt að skilgreina með orðum sem sjálf þarfnast skýringar við, til dæmis orðum eins og „nauðsyn“, „merking“, „skilgreint sem“, „samheiti“ og „túlkunarregla“. Til dæmis er hægt að skilgreina hugtakið „rökhæfing“ með hugtakinu „nauðsyn“, sem svo er hægt að skilgreina með hugtakinu „samheiti“. Orðið „samheiti er svo skilgreint með hugtakinu „rökhæfing“. Quine bendir á að slíkar skilgreiningar dugi ekki, þær hafi, eins og áður var sagt: „lögum lokaðrar sveigju í rúminu“⁷⁵. Það er þessi gagnrýni Quines sem nefnd hefur verið „ásökunin um hringrök“.

Áður en kemur að því verð ég þó að segja nokkur orð um hugtakanotkun Quines. Quine vill skipta merkingarfræði (e. *semantics*) í tvennt, annars veg-

⁷⁵Quine 2003c, bls. 30.

ar kenningar um tilvísun (e. *reference*) og hins vegar kenningu um merkingu (e. *meaning*). Sú fyrrnefnda fjallar um og skýrir m.a. hugtök á borð við tilvísun, sannleika og umtak. Þessi hugtök eru það sem kalla mætti umtæk (e. *extensional*). Sú síðarnefnda fjallar svo um hugtök eins og merkingu, rökhæfni og inntak orða. Slík orð eru nefnd inntæk (e. *intentional*).⁷⁶ Í stuttu máli mætti segja að inntak orðs sé það sem málnotandi á við þegar hann segir orðið en umtak orðs það sem orðið vísi til. Inntak er m.ö.o. einhvers konar andlegur „eiginleiki“ eða eitthvað sem einungis er til í huga málnotenda, en umtak mun áþreifanlegra.

Þau rök Strawson og Grice í „In Defence of A Dogma“ eru aðallega tvenn. Í fyrsta lagi halda þeir því fram að Quine hafi ekki getað sýnt fram á að enginn greinarmunur sé til á rökhæfingum og raunhæfingum vegna þess að heimspekingar eru sammála um hvers konar setningar skuli teljast til rökhæfinga og hvers konar setningar skuli kallast raunhæfingar. Með öðrum orðum er það engum vandkvæðum bundið að búa til setningar sem allir séu sammála um að séu rökhæfingar.⁷⁷ Þetta sýni að til sé greinarmunur á rökhæfingum og raunhæfingum. Quine hefði líklega svarað því til að það hefði aldei verið tilgangur hans að neita þessu, heldur að sýna að rökhæfingar væru óskýrar og illa skilgreindar, enda viðurkenna Strawson og Grice þá hugsanlegu vörn Quines strax.⁷⁸ Quine tekur í sama streng í grein sinni „Two Dogmas in Retrospect.”⁷⁹

Hin mótrök þeirra eru mikilvægari og vil ég beina sjónum mínum að þeim. Í stuttu máli benda þeir á að erfitt sé að fallast á rök Quines nema að losna við hugtakið *merking* úr heimspeki. Eins og þeir benda á þá er það stór hluti af rök-

⁷⁶Quine 2003a, bls. 130.

⁷⁷Grice og Strawson 1965, bls. 143.

⁷⁸Sama rit, bls. 143.

⁷⁹Quine og Gibson 2004, bls. 61.

um Quines gegn greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum að hugtakið *merkingarsamheiti* sé jafn óskýrt og hugtakið *rökhæfing*. Það þýði að sjálfsögðu að orðasambönd á borð við „*x* þýðir það sama og *y*“ eða „*x* og *y* hafa sömu merkingu“ eru að sama skapi óskýr, í það minnsta að því leyti sem þau merkja eitthvað annað og meira en „*x* er satt um sömu hluti og *y*“⁸⁰. Þannig er ekki hægt að hafna greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum á forsendum Quines, nema að segja að það sé „alltaf merkingarlaust eða fáránlegt að halda fram staðhæfingum á forminu „Umsagnir *x* og *y* eiga við sömu hluti en merkja ekki það sama.““⁸¹

Með öðrum orðum, eins og þeir segja hreint út, ef við viljum hafna því að tvær setningar geti með einhverjum skýrum hætti verið samhljóða (e. *synonymous*) (ef mætti nota það orð um setningar á íslenzku), þá hljótum við líka að hafna því að þær geti haft sömu merkingu. Þetta þýði náttúrulega að Quine lendir í mótsögn: hann spyr um merkingu orðsins „rökhæfing“ á sama tíma og hann hafnar hugtakinu *merking*. Glock orðar gagnrýni þeirra á svofelldan hátt: „Gagnrýni Quines sjálf veltur á því að nota inntæk hugtök („merking“ eða „inntak“) en útilokar á sama tíma öll svör sem gera slíkt hið sama.“⁸²

Hér á Quine þó eitt svar. Með því að fara með *merkingu* sem umtækt hugtak, þá getur Quine spurt hver merking orðsins „rökhæfing“ er, án þess að lenda sjálfur í mótsögn. Það ætti þá ekki að koma á óvart að það er nákvæmlega það sem Quine heldur fram í öðrum verkum sínum, sér í lagi *Word and Object*, að merking sé ekki til, líkt og þeir Strawson og Grice segja að leiði af afstöðu hans. (Reyndar segir hann ekki að tvær setningar geti ekki haft sömu merkingu, heldur fjallar um merkingu á gerólíkan hátt en þeir Strawson og Grice.) Hér mun ég einungis gefa

⁸⁰Grice og Strawson 1965, bls. 145.

⁸¹Sama rit, bls. 146.

⁸²Glock 2004, bls. 75.

stutt yfirlit yfir merkingarfræði af Quines, enda ekki tórn til ítarlegrar yfirferðar né greiningar.

Kenning Quines um merkingu setur hann fram til höfuð þess sem hann kallar „ógagnrýna merkingarfræði”.⁸³ Samkvæmt þeirri kenningu er merking einhvers konar „óhlutbundin hlutur” (e. *abstract object*) eða andlegur eiginleiki, sem orð vísa til eða eiga þátt í. Tvö orð eru þá samheiti ef þau vísa bæði til sömu merkingarinnar. Með öðrum orðum, er merking, samkvæmt þessari kenningu, eitthvað sem er til óháð orðunum sjálfum. Í frægri líkingu líkir Quine merkingu í þessari kenningu við sýningargripi á safni og orðum við merkimiða á þeim. Að skipta um tungumál er eins og að skipta um miða. Þetta kallar hann „goðsögnina um safnið” (e. *the myth of the museum*).⁸⁴ Ætla má að Strawson og Grice myndu samþykkja einhverja útgáfu af þessari kenningu, þó að þeir myndu líklega ekki orða hana þennan hátt.

Quine hafnar því að *merking* eigi sér sjálfstæða tilvist óháða nokkru öðru og varar við því að merking sé hlutgerð á þennan hátt. Í ritgerðinni „On What There Is” segir hann að „... skýringargildi sérstakra og ósmættanlegra milliliða sem nefndar eru „*merkingar*” [sé] áreiðanlega byggt á blekkingu.”⁸⁵

Í stað þessarar kenningar vill Quine setja aðra, sem hann sækir í smiðju Johns Dewey og Ludwigs Wittgenstein.⁸⁶ Samkvæmt þeirri kenningu ræðst merking orða af notkun þeirra, og það sem meira er, merkingin er ekkert annað en þetta.⁸⁷ Tvö orð sem eru sömu merkingar eru það ekki vegna þess að þau vísa bæði til sömu merkingarinnar, þar sem merkingin hefur einhvers konar sjálfstæða tilvist, heldur vegna þess að þau eru bæði notuð á sama hátt.

⁸³Quine 1969, bls. 26–28.

⁸⁴Sama rit, bls. 27.

⁸⁵Quine 2003b, bls. 26–28.

⁸⁶Sjá t.d. Dewey 1958, bls. 179 og Wittgenstein 1991, athugasemdir 43 og 66–71.

⁸⁷Quine 1969, bls. 26–28.

Það er þessi kenning sem Quine teflir gegn þeim Strawson og Grice, og þegar þeir segja að nauðsynlegt sé að hafna hugtakinu *merking* ef hugtakinu *rökhæfing* sé hafnað, þá er það merking af fyrri taginu sem þeir eiga við. Quine bendir jafnframt á að ef greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum sé hafnað, þá hljóti maður að hafna smættarhyggju og taka upp heildarhyggju.⁸⁸ Þannig liggur leið Quines frá efasemdum um merkingu, í gegnum efasemdir um greinarmun á rökhæfingum og raunhæfingum, að heildarhyggju.

Þessi stutta greinargerð fyrir merkingarfræði Quines er að sjálfsögðu fullkomlega ófullnægjandi til að geta tekið einhverja afstöðu til málsins, en nægir þó til að sýna að tengsl séu á milli þess að samþykkja heildarhyggju Quines annars vegar og að samþykkja rök Quines gegn greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum. Engin leið er að samþykkja rök hans gegn þessum greinarmuni nema að samþykkja fyrst að „merking“ (og önnur inntæk hugtök af sama tagi) sé hugtak sem sé óskýrt og bezt sé að losna við, og ennfremur að samþykkja það sem Quine vill setja í staðinn, hálfgerða atferlisstefnu um merkingu.

Afstaða Strawson og Grice byggist á því að hægt sé að nota inntæk orð í heim-spekilegri umræðu. Því hafnar Quine, en því miður fyrir Quine þýðir það að rök hans í fyrri hluta ritgerðarinnar eru með öllu ósannfærandi nema að honum tækist að sannfæra lesendur fyrst með því sem kemur í seinni hlutanum, eins og þeir Strawson og Grice taka fram í ritgerð sinni.⁸⁹ Glock tekur undir þetta, hann segir: „Sú hugmynd að réttmæt hugtök verði að vera hægt að þýða yfir á mál sem inniheldur einungis umtæk hugtök gerir ráð fyrir að sýnt hafi verið að inntæk hugtök séu ófullnægjandi“. Með öðrum orðum, Quine er sjálfur fastur í vítahring

⁸⁸Quine 2003c, bls. 41.

⁸⁹Grice og Strawson 1965, bls. 142.

eins og andstæðingar sínir, þó af örlítið öðru tagi. Engin samræða er möguleg á milli þessara tveggja „hringja“, ef taka mætti þannig til orða, því hún byggist á því hvort inntækar skýringar á hugtökum sé teknar gildar eða ekki, þar sem líta mætti á smættarhyggju og heildarhyggju sem tvö mismunandi viðmið (e. *paradigm*) í skilningi Kuhns.

Samantekt og niðurstöður

Hér að ofan hefur verið gerð tilraun til að gera grein fyrir gagnrýni heimspekingsins Willards Van Orman Quine á hinn margfræga greinarmun á rökhæfingum og raunhæfingum og hvernig gagnrýnendur hans hafa brugðist við henni. Þeim má gróflega skipta í tvo flokka: (i) þá sem telja að hægt sé að bjarga greinarmuninum með nýjum skilgreiningum sem komast hjá þeim vandkvæðum sem Quine bendir á; (ii) og þá sem telja að gagnrýni Quines missi marks af ýmsum ástæðum.

Hans Johan-Glock er einn þeirra sem fellur í fyrri flokkinn og telur hann að greinarmuninn megi endurskilgreina sem svo að rökhæfingar séu setningar sem engin málnotandi muni hafna og að slíkar setningar fjalli um hugtökin sem við notum. Að mati hans getur setning breytt úr því að fjalla um hugtök yfir í að fjalla um eitthvað annað. Ég tel mig hafa sýnt hér að ofan að slík skoðun á eðli slíkra setninga er í fullkomnu samræmi við skoðun Quines og renni jafnvel stoðum undir hana.

P. F. Strawson og H. Grice eru á hinn bóginn meðal þeirra sem falla í seinni flokkinn og töldu þeir að Quine hefði hugsanlega sýnt fram á ýmis vandkvæði við að skilgreina þennan greinarmun en greinarmunurinn væri þó ljóslega til staðar. Gagnrýni þeirra á Quine var ákaflega skörp og sýndi að gagnrýni Quines dugði engan veginn til, ein og sér, til að hafna greinarmuninum á rökhæfingum og raunhæfingum.

Hins vegar er heimspeki Quines sem heild kostur sem ekki ber að líta framhjá og í henni er ekkert pláss fyrir slíkan greinarmun. Hin raunverulega umræða snýst því ekki um hvort greinarmunur sé á rökhæfingum og raunhæfingum eða ekki, heldur því hvort taka beri upp heildarhyggju eða ekki, og kannski sérstak-

lega hvort inntækar skýringar á hugtökum eigi að vera teknar gildar í heimspeki. Þar tel ég að Quine hafi þó að minnsta kosti ýmislegt til síns máls, en að svara slíkum spurningum er því miður verk sem ekki verður unnið af hendi í ritgerðarkorni sem þessu.

Heimildir

- Ayer, A. J. (1946). *Language, Truth and Logic*. Gollancz, London. Kom fyrst út árið 1936.
- Beaney, M. (2009). „Analysis“. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Ritstjóri: Edward N. Zalta.
- Boghossian, P. (1996). „Analyticity Reconsidered“. *Noûs* 30(3), bls. 360–391.
- Carnap, R. (1935). *Philosophy and Logical Syntax*. Kegan Paul, Trench, Trubner & Co., London.
- Dewey, J. (1958). „Nature, Communication and as Meaning“. Prentað í *Experience and Nature*. Dover Publications Inc., New York. Kom fyrst út árið 1925.
- Frege, G. (1989). *Undirstöður reikningslistarinnar*. Íslensk þýðing eftir Kristján Kristjánsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Kom fyrst út árið 1884.
- Glock, H.-J. (2004). *Quine and Davidson on Language, Thought and Reality*. Cambridge University Press, Cambridge.

- Grice, H. og P. Strawson (1965). „In Defense of a Dogma“. *The Philosophical Review* 65(2), bls. 141–158.
- Heidegger, M. (án árs). *Hvað er frumspeki?* Drög að þýðingu eftir Magnús Diðrik Baldursson, birt sem handrit.
- Hume, D. (1999). *Rannsókn á skilningsgáfunni*. Íslensk þýðing eftir Atla Harðarsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Kom fyrst út árið 1748.
- Kant, I. (2003). *Critique of Pure Reason*. Palgrave MacMillan, New York. Kom fyrst út 1781, 2. útgáfa árið 1787.
- Kant, I. (2004). *Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar*. Íslensk þýðing eftir Skúla Pálsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Kom fyrst út árið 1783.
- Kripke, S. A. (1972, 1980). *Naming and Necessity*. Harvard University Press, Cambridge.
- Leibniz, G. W. (1973). *Philosophical Writings*. J.M. Dent and Sons Ltd, London.
- Leibniz, G. W. (2004). Mónöðufræðin. Íslensk þýðing eftir Gunnar Harðarson. Prentað í *Orðræða um frumspeki*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Kom fyrst út árið 1714.
- Locke, J. (1990). *An Essay Concerning Human Understanding*. Clarendon Press, Oxford. Kom fyrst út árið 1690.
- Marenbon, J. (2007). *Medieval Philosophy: An Historical and Philosophical Introduction*. Routledge, New York og London.
- Quine, W. V. O. (1966a). „Carnap and Logical Truth“. Prentað í *Ways of Paradox*. Random House, New York.

- Quine, W. V. O. (1966b). „Necessary Truth“. Prentað í *Ways of Paradox*. Random House, New York.
- Quine, W. V. O. (1969). „Ontological Relativity“. Prentað í *Ontological Relativity and Other Essays*. Columbia University Press, New York.
- Quine, W. V. O. (1990–1991). „Tvær kreddur raunhyggjumanna“. Íslensk þýðing eftir Þorstein Hilmarsson. *Hugur* 3–4, bls. 30–55.
- Quine, W. V. O. (2003a). „Notes on the Theory of Reference“. Prentað í *From a Logical Point of View*. Harvard University Press, Cambridge.
- Quine, W. V. O. (2003b). „On What There Is“. Prentað í *From a Logical Point of View*. Harvard University Press, Cambridge.
- Quine, W. V. O. (2003c). „Two Dogmas of Empiricism“. Prentað í *From a Logical Point of View*. Harvard University Press, Cambridge.
- Quine, W. V. O. og R. Carnap (1990). *Dear Carnap, Dear Van: The Quine-Carnap Correspondence and Related Work*. University of California Press, Berkeley.
- Quine, W. V. O. og R. F. Gibson (2004). „Two Dogmas in Retrospect“. Prentað í *Quintessence: Basic Readings from the Philosophy of W.V. Quine*. Harvard University Press, Cambridge.
- Stroll, A. (2000). *Twentieth-Century Analytic Philosophy*. Columbia University Press, New York.
- Wittgenstein, L. (1991). *Philosophical Investigations*. Basil Blackwell, Oxford. Kom fyrst út árið 1953.
- Wolfram, S. (1990). *Philosophical Logic: An Introduction*. Routledge, New York og London.

Þorsteinn Gylfason (2005). *Innlit hjá Kant*. Heimspekistofnun Háskóla Íslands,
Reykjavík.